

Göngutúr/vettvangsferð Ljónahóps 28.9.2009

Mánudaginn 28. september 2009 fór Ljónahópur í fyrstu gönguferð sína í vetur og einnig var gönguferðin í hópastarfi Ljónahóps og því vettvangsferð og var viðfangsefnið náttúran og haustið. Það fyrsta sem við sáum voru sveppir þegar við komum út fyrir leikskólalóðina, við skoðuðum þá aðeins og prufuðum að stíga ofan á þá. Því næst reyndum við að finna laufblöð í grasinu sem fallin voru að að trjámum og týna þau í poka, ætlum í næsta hópatíma að búa til haustmynd. Því næst gengum við áfram framhjá ÍKÍ og þar voru pollar sem voru frosnir, þá fórum við að prufa að trampa ofan á þeim og brjóta klakann og



sulla í pollunum. En þeir voru líka sleipir svo sumir dattu á rassinn aftur og aftur, en fannst það bara gaman ☺ eins og sjá má á myndunum. Því næst héldum við áfram niður að vatni, komum við í öðrum polli og sulluðum aðeins þar, skoðuðum beinagrindina sem er við náttúrufræðistofuna og fórum svo við vatnið. Við vatnið vorum við að henda steinum út í vatnið, skoða bát og leika okkur. Hjá börnunum komu fram mörg orð eins og detta, bátur, sveppur, henda, steinar o.fl. og mikið spjallað. Þetta var haustferð með meiru, þar sem við skoðuðum fölnuð laufblöð og litadýrðina í þeim, sáum snjó í fjöllum og klaka í pollunum, og bara skemmtilegt.



Auður, Kristján Kári, Hákon Logi, Guðmundur Óskar, Fríða og Elín Anna.

